

# Staða skipulagsmála og fyrirliggjandi stefna

Einar Jónsson
Stefnumótun og þróun

Skipulagsstofnun

# Markmið skipulagslaga og leiðarljós landsskipulagsstefnu

Skipulagsstofnun

## Markmið skipulagslaga

a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,

b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,

e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

## Leiðarljós Landsskipulagsstefnu 2015-2026

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

# Stefna stjórnvalda um skipulagsmál – Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulagsstofnun

**Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um:**

- Skipulag á miðhálendi Íslands
- Skipulag í dreifbýli
- Búsetumynstur og dreifing byggðar
- Skipulag á haf- og strandsvæðum

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að hefja nýtt ferli – viðbót við núverandi stefnu

Unnið er að endurskoðun og uppfærslu mælikvarðaheftis landsskipulagsstefnu

- *Skipulagsmál á Íslandi 2018*

Verkefni Landsskipulagsstefnu um kortlagningu mannvirkja á miðhálendinu er lokið. Grunnur fyrir frekari stefnumótun

- *Mannvirki á miðhálendinu, framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026*



# Stefna stjórnvalda um skipulagsmál – dæmi um áætlanir í einstökum málaflokkum

Skipulagsstofnun

**Umhverfis- og auðlindaráðuneyti**

- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030
- Saman gegn sóun. Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016-2027
- Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029
- Hreint loft til framtíðar 2018-2029
- Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**

- Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024
- Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku
- Stefna um lagningu raflína

**Velferðarráðuneyti**

- Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021
- Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun sem stuðlar að heilsueflandi samfélagi

**Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti**

- Samgönguáætlun 2011-2022
- Fjarskiptaáætlun 2011-2022
- Vöxtur í krafti netsins – byggjum, tengjum og tökum þátt 2013-2016

# Mælikvarðar og áskoranir - íbúaþróun

Áætluð íbúaþróun er ein lykilforsendna fyrir ákvörðunum í skipulagsáætlunum sveitarfélaga um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis

Hagstofa Íslands birtir reglulega mannfjöldaspá fyrir landið í heild. Nýjasta útgefna mannfjöldaspá Hagstofunnar nær til ársins 2066

Mannfjöldaspá Hagstofunnar er eingöngu gerð fyrir landið í heild. Spár um þróun íbúafjöldans í einstökum sveitarfélögum og einstökum landshlutum er sett fram í aðal- og svæðisskipulagi viðkomandi sveitarfélaga




Heimild: Hagstofa Íslands

# Mælikvarðar og áskoranir - íbúaþróun

Jákvæð íbúaþróun í flestum landshlutum

Náttúruleg fjölgun og einnig aðflutningur erlendra ríkisborgara

Íbúaþróun síðustu ára - ef til vill tilefni til að skoða forsendur áætlana




Heimild: Hagstofa Íslands

# Mælikvarðar og áskoranir - íbúaþróun

Í byrjun árs 2018 bjuggu 39.570 erlendir ríkisborgarar á Íslandi

Áhrif hagsveiflunnar á íbúaþróun – aðflutningur erlendra ríkisborgara

Áskorun að taka á móti nýjum íbúum – húsnæðismál o.fl.




Heimild: Hagstofa Íslands

# Mælikvarðar og áskoranir - ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem hefur vaxið hvað mest á undanförnum árum

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er m.a. mörkuð stefna um þjónustu, gistiaðstöðu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Einnig hafa sveitarfélög í auknum mæli nýtt aðal- og svæðisskipulagsgerð sem grunn fyrir ímyndarvinnu um sérstöðu og styrk viðkomandi svæðis

Stefnumörkun stjórnvalda og uppbygging innviða




Heimild: Ferðamálastofa og Hagstofa Íslands

# Mælikvarðar og áskoranir - ferðaþjónusta

Fjöldi ferðamanna hefur verið mestur yfir sumartímann en ferðamönnum hefur einnig fjölgað hlutfallslega meira yfir vetrarmánuðina

-Helmingur ferðamanna kom að sumri til árið 2010 en árið 2017 var hlutdeild sumarsins komin í 35,4% (Ferðamannastofa)

Umfangsmikið deilihagkerfi eða íbúðagisting í ferðaþjónustu (Airbnb) utan við gögn Hagstofu Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

# Staða og áskoranir í skipulagsmálum

Skipulagsstofnun

- Skipulagsgerð sveitarfélaga hefur hlutverk þegar kemur að því að takast á við þær áskoranir sem blasa við staðbundið og ekki síður í stærra samhengi, á landsvísu og hnattrænt
  - Loftslagsbreytingar
  - Sjálfbær þróun - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
  - Ferðaþjónusta
  - Húsnæðismál
  - Orkuflutningur
  - Samgöngur
  - Tæknibreytingar

- Í sumum tilfellum eru ákvarðanir í skipulagi teknar af stjórnvöldum á landsvísu, en útfærðar í skipulagsáætlunum sveitarfélaga
  - Kallar á aðkomu/þátttöku sveitarfélaganna á fyrri stigum ákvarðanaferlis
  - Dregur ekki úr mikilvægi aðalskipulags við útfærslu stefnu um þau málefni

# Takk fyrir mig

